

Fundur 22.4.2024 Kolfinna, var borinn út snemma á 17jándu öld.

Góða kvöldið, komið þið sælir.

Já góða kvöldið.

Gleður það mig mjög að komast í sambandið, er það svo langt síðan að ég var á gömlu jörðinni að ég trúi því vart að það hafi tekist, eru þið virkilega á gamla Íslandi ?

Já já.

Og eru þið með rafmagn ?

Já.

Það eru stór tíðindi fyrir mig.

*Við erum með rafmagn og meira til, tölvur og tækni tengd því.*

Já, það má nú segja að skammt sé orðið bilið, á milli okkar og ykkar,

*Svo er það tónlistin líka.*

Já, það er ekki bara sungið heldur spilað á grammófón og fleira ?

Já já.

Gleður mig, ég fagna mjög að tala við ykkur og Íslendingur, Íslensk kona, svo miklar framfarir hafa orðið á æfi minni að það er ótrúlegt og lífi hér hamingjusömu lífi á framlífs jörð og gamla Ísland er mér alltaf kært, þótt ekki hafi ég átt þar mínar bestu minningar, en frumlífs jörðin skapar mikilvægan sess í hugarfari mínu og þar byrjaði ég æfina og þar lagði ég línurnar fyrir það sem síðar kom.

Og þótt ekki eigi ég minningar eins og það fólk sem lengi lifði, þá fylgdist ég með lífinu á jörðinni í fjarska, og fékk fréttir af frumlífs jörðinni minni og vissi ég mjög vel að ógöngur þær sem ég rataði í, í framlífum mínum voru að stórum hluta vegna þeirra aðstæðna sem ég yfirgaf gömlu jörðina.

Og hef því haft það að orðtaki, í gegnum ótal mörg framlíf mín á öðrum hnöttum, orðtakið sem þið þekkið svo vel, sem hljómar svona, lengi býr að fyrstu gerð.

Já já.

Ég er komin á framlífs brautina og er það mér mikilsvert og líður mér hér vel og á ég hér ágæt samskipti við fólk og á hér nýja fjölskyldu og afkvæmi, börn og eiginmann og hef ég lagt til hliðar fyrri hefndar áætlanir margvíslegar og stríðs áform sem lengi loddu við mig og drógu mig niður til helstefnu jarðanna.

Og vil ég gjarnan lýsa því hvernig það vildi til að ég fór á þessa helstefnu braut upphaflega, því það mun væntanlega kenna ykkur ýmislegt um eðli lífsins og þá synd sem það er að fremja fóstureyðingar og hvers vegna það ber að banna slíkt og afstýra því.

Ég var að vísu uppi á þeim tíma þegar fóstureyðingar voru ekki mögulegar fyrir fæðingu, en ég lennti í því sem segja má að hafi verið sambærilegt við það, að vera borin út ný fædd.

Og fæddist því á framlífs jörð með aðstoð staðgöngu móður og ekki nóg með það, heldur í þjóðfélagi þar sem ólga var og styrjaldar ástand þegar ég var barn í fyrsta sinn og ambátt allt mitt líf á þeirri fyrstu framlífs jörð og hafði ég ekki hugmynd um ættir mínar og uppruna, að ég væri Íslendingur fyrr en löngu löngu seinna á framlífs jörðum.

Og er það löng og merkileg saga að segja, en ekki er mér það unnt að fara út í hana í smáatriðum, en vil ég fara út í það að á fyrstu framlífs jörð minni voru svartir menn og múslimar í meiri hluta og tóku þeir okkur til fanga og nýttu á þrælumörkuðum sínum og seldu til efnaðra manna og fátækra.

Það var hvort tveggja til, og varð ég hluti af fremur fátækri ætt og átti hún í styrjöld við annan þjóðfélags hóp og þannig voru aðstæður mínar og þegar ég fór af þeim hnetti og dó yfir á næstu framlífs jörð, að hefndarhugur brann í mér og hafði mér verið innrætt slíkt og voru það nágranna erjur svipaðs þjóðflokks og önnur þjóð.

Og lærðum við gildi samstillingarinnar á þeim framlífs hnetti sem við tók og var það ekki góð samstilling, heldur var það til helstefnu áttar og í anda hernaðar, og voru það múslimskrar ættar að berjast við nágranna sína og eignaðist ég þar talsvert mörg börn og var það þó erfitt líf.

Og helstefnan fór vaxandi og gerðist það síðar þegar ég var stödd á helstefnu jörð í framlífi, þar sem bundin möndul snúningur var og sífellt myrkur, að ég fór að snúa mér burt frá þeim sem ég kallaði mína þjóð og yfir til andstöðu hóps sem þar var staddur og boðaði aðrar kenningar sem ekki voru að öllu leiti góðar og fer ég ekki út í hér.

En gátu þeir að minnsta kosti sagt mér að ég tilheyrði ekki þeim þjóðflokki múslima, þar sem ég var ljósari yfirlitum og gátu þeir sagt mér hvaðan ég kæmi og hvert ég ætti að snúa mér til að leita uppruna míns.

Og þurfti ég að fyrirgefa og var það löng leið framundan og átti eftir að taka mig nokkur framlíf og varð það mér til gagns að kristnast um skeið, en ekki átti það við mig til lengdar, þar sem það hindraði mig í því að fræðast betur og halda áfram á proska braut minni.

Og hér er ég komin og vil gjarnan koma í sambandið síðar, Íslendingur, hef ég, var ég uppi, fæddist ég í frumlífi mínu sem ekki varð lengra en nokkrir dagar, snemma á sautjándu öldinni á suðaustur landi og nafn var mér þó gefið og foreldrum mínum þungbært að losa sig við mig, Kolfinna, og ber ég það enn.

*Kolfinna sagðir þú það ?*

Já. Kolfinna.

Já já.

Hef ég hér kynnst því að sama gildir um börn sem lenda í fóstureyðingum eða útburði, að þau upplifa að þeim hafi verið hafnað og hefur það ekki góð áhrif og á barn að fæðast af móður þegar það er getið.

Og er ég í slíkum samtökum og ekki get ég talað lengur við ykkur að sinni, en veit ég að saga mín á erindi við ykkar samtíma og vona ég að hún berist lengra.

Verið þið sælir og þakka ég kærlega fyrir mig.

*Ég óska þér alls hins besta, þakka þér fyrir komuna og vertu sæl.*

Þakka ég sumuleiðis.

*Vertu blessuð.*